

2. gr.

Staflíður d í 8. tl. 5. gr. orðist svo:

d) kosning aðalmanns og varamanns til fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar til tveggja ára í senn.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjupings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjupings um breyting á starfsreglum um prófasta nr. 734/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um prófasta nr. 734/1998.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Biskup útnefnir prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu. Presti er skylt að takast á hendur prófastsembætti.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjupings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.